

19. september 2018

Frásögn af fjórða fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Eðvald Einar Stefánsson, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Margrét Harðardóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson, Þorvar Hafsteinsson og Þórður Kristjánsson. Gestur fundarins var Ingvar Sigurgeirsson. Hann vék af fundi um miðbik hans.

Á fundinum var m.a. rætt um viðhorf skólasamfélagsins almennt til samræmdra prófa. Meðal þess sem fram kom:

Opinbert eftirlit með skólastarfi er mikilvægt og skólar eigi að hafa sjálfræði um eigið starf.

Eftirlit með skólastarfi og opinber próf eiga að heyra undir sjálfstæða stofnun. Tækifæri var á sínum tíma til að þróa Námsmatsstofnun sem eftirlitsstofnun. Áriðandi er að efla eftirlit með skólastarfi.

Jákvæð áhrif af úttektum MMS, gott að þeim sé að fjölga úr 8-10 skólum á ári í 17 á þessu ári og 27 á ári frá og með hausti 2019. Þær úttektir eru teknar alvarlega, skólum finnst þær vel unnar og þær hafa jákvæð áhrif.

Niðurfelling samræmds prófs í dönsku hafði jákvæð áhrif á dönskukennslu. Fagið hefur færst upp vinsældalistann eftir niðurfellingu prófs: fjölbreyttari verkefni, heildstæðari nálgun í faginu.

Samræmd próf í sjálfu sér kannski í lagi, en umræða og birting niðurstaðna skapar gífurleg vandamál. Réttlætismál að skólar séu ekki dæmdir á röngum forsendum. Togast á upplýsingaskyldan og „verndun hagsmuna skóla“.

Aðstæður í skólum eru afar ólíkar. Mikilvægt að tekið sé tillit til þessa við úrvinnslu prófanna.

Vandræðagangur hefur verið áberandi í umræðu og gagnrýni á prófin frá upphafi (50 ár).

Takmarkað mat felst í prófunum og áhyggjuefni hversu mikinn forgang þessi takmörkuðu atriði fá í skólastarfi vegna þess eins að þau eru prófuð.

Kennarar kunna vel að meta Lesferil MMS en góð lesskilningspróf vantar.

Heyrir að kennarar telja rafvæðingu prófanna ganga of hratt. Mismunun milli skóla vegna ólíkra aðstæðna úti í skólunum vegna misjafns tækjakosts. Margir kennarar benda á að stærðfræðin henti ekki í rafræna formið. Sérstaklega erfitt fyrir 4. bekkina.

Mikilvægt að þróa matshefð fyrir list- og verkgreinar. Áhugaverð tilraun var gerð í Vermont, USA: þróun á samræmdu portfolio námsmati.

Innleiðing á úrbótum í lestrarkennslu hefur gengið vel. Hver er munurinn á þessari innleiðingu og námsmats innleiðingunni?

Raunveruleg könnunarpróf: skólar ákveði sjálfir hvort og hvenær þeir nýta prófin, sem og hvort og hvernig niðurstöður eru birtar.

Þörf er á þéttara samstarfi margra aðila við uppbyggingu prófanna.

Hætta birtingu niðurstaðna.

Hvernig getum við gefið eigindlegu námsmati í skólunum sjálfum meira vægi?

Næsti fundur fer fram 26. september 2018 í fundarsal á 4. hæð í mennta- og menningarmálaráðuneyti. Gestir þess fundar verða Sigurður Konráðsson og Ýr Þórðardóttir og munu þau fjalla um niðurstöður rannsókna á samræmdum prófum.